

Bæjarstjórn - 30

FUNDARBOÐ

30. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 28. nóvember 2024 og
hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2411012F - Bæjarráð - 27**
Lögð fram fundargerð 27. fundar bæjarráðs.
- 2. 2411005F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 39**
Lögð fram fundargerð 39. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 3. 2411002F - Skóla- og fræðslunefnd - 17**
Lögð fram 17. fundargerð skóla- og fræðslunefndar.
- 4. 2411004F - Æskulýðs- og íþróttanefnd (SH) - 4**
Lögð fram fundargerð 4. fundar æskulýðs- og íþróttanefndar.
- 5. 2411003F - Öldungaráð - 7**
Lögð fram 7. fundargerð öldungaráðs.
- 6. 2411011F - Skipulagsnefnd - 25**
Lögð fram 25. fundargerð skipulagsnefndar.
- 7. 2411001F - Safna- og menningarmálanefnd - 5**
Lögð fram 5. fundargerð safna- og menningarmálanefndar.
- 8. 2411009F - Atvinnu- og nýsköpunarnefnd (SH) - 4**
Lögð fram 4. fundargerð atvinnu- og nýsköpunarnefndar.
- 9. 2411007F - Dreifbýlisráð - 4**
Lögð fram 4. fundargerð dreifbýlisráðs.

Erindi til kynningar

10. 2410022 - Ályktun Skógræktarfélags Íslands - Vörsluskylda búfjár

Lögð fram ályktun Skógræktarfélags Íslands sem samþykkt var á aðalfundi félagsins sem fram fór dagana 30. ágúst - 1. september 2024.

11. 2411032 - Samningur á sviði endurhæfingar

Lagður fram samningur á sviði endurhæfingar milli Tryggingastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaga, VIRK - starfsendurhægingarsjóðs ses., Vinnumálastofnunar og heilsugæslustöðva.

12. 1610019 - Skólastefna Stykkishólms

Skólastefna sveitarfélagsins lögð fram. Skólastefnan var tekin til umræðu á 17. fundi skóla- og fræðslunefndar. Nefndin taldi jákvætt hve mikið hefur nú þegar komið til framkvæmda af þeim atriðum sem talin voru helstu áskoranir í skóla- og frístundamálum sveitarfélagsins.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

13. 2205039 - Kjör nefnda í samræmi við samþykktir Sveitarfélagsins Stykkishólms

Lögð fram beiðni formanns safna- og menngigarmálanefndar um lausn frá störfum formanns. Fyrir liggur að tilnefna þarf nýjan formann í nefndina.

14. 2411029 - Sjálfbær atvinnusvæði á Vesturlandi

Lögð fram skýrsla KPMG um sjálfbær atvinnusvæði á Vesturlandi.

15. 2411036 - Erindi vegna fasteignagjalda

Lagt fram erindi vegna fasteignagjalda að Smiðjustíg 3.

Bæjarráð samþykki, á 27. fundi sínum, styrk vegna fasteignagjalda fyrir 2025.

16. 2411028 - Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Dómsmálaráðherra setti Birnu Ágústsdóttur, sýslumanninn á Norðurlandi vestra, tímabundið sem sýslumann á Vesturlandi, frá 1. júní sl. til og með 31. maí 2025. Tilefni setningarinnar var beiðni Ólafs Kristófers Ólafssonar, sýslumanns, um lausn frá embætti.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd skoraði, á 4. fundi sínum, á dómsmálaráðherra að auglýsa nú þegar starf Sýslumannsins á Vesturlandi, sem er með aðsetur í Stykkishólmi, laust til umsóknar.

Bæjarráð staðfesti, á 27. fundi sínum, afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar og vísaði málinu til bæjarstjórnar.

17. 2306027 - Samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038

Á 4. fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar voru samgöngumál innan sveitarfélagsins tekin til umræðu.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd skoraði á innviðaráðherra, Vegagerðina, þingmenn Norðvesturkjördæmis og umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis að leggja á eitt um að

færa framkvæmdir á um Snæfellsnesveg 54 um Skógarströnd fram á samgönguáætlun. Það er í raun ótækt að þessi ófjármagnaði STOFNVEGUR á láglendi, sem enn er að langt stærstum hluta MALAVEGUR, sá eini á Íslandi, sé ekki í sérstökum forgangi í samgönguáætlun.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd minnti í því sambandi á að Skógarstrandarvegur er hluti grunnnetsins samkvæmt samgönguáætlun og ætti því að vera forgangsatriði við ráðstöfun fjármuna á samgönguáætlun, líkt og markmið hennar kveða á um, en það endurspeglast hins vegar ekki í fyrirbyggjandi drögum/tillögum að samgönguáætlun. Í raun er ótækt að þessi eini stofnvegur á láglendi á Íslandi, sem enn er malavegur, sé ítrekað látinn sæta afgangi við forgangsroðun fjármuna. Þess er í raun krafist að forgangsroðun fjármuna verði í samræmi við markmið samgönguáætlunar. Að mati nefndarinnar er hreinlega skömm að því að á Íslandi sé til staðar stofnvegur á láglendi sem enn sé malavegur.

Það er því óhjákvæmilegt að gera kröfu um að fyrirbyggjandi samgönguáætlun verði breytt með tilliti til mikilvægis vegarins sem hluta af grunnneti samgöngukerfisins og framkvæmdum verði flýtt inn á fyrsta tímabil áætlunarinnar. Nefndin skoraði einnig á Vegagerðina að setja upp teljara á svæðinu svo hægt sé að auka þjónustu í samræmi við umferðarþunga. Einnig er lögð áhersla á endurbætur á Snæfellsnesvegi frá Borgarnesi inn á Snæfellsnes, sér í lagi að endurbætur á Snæfellsnesvegi 54 frá Brúarhrauni að Dalsmynni verði færðar framan í samgönguáætlun.

Einnig lagði atvinnu- og nýsköpunarnefnd þunga áherslu á að Stykkishólmsvegur 58 er ónýtur og óviðunandi, sér í lagi frá Stykkishólmi og að Vogsbotni, og er þess krafist að enduruppbygging vegarins verði sett í algjöran forgang.

Að öðru leyti vísaði nefndin í fyrri ályktanir sveitarfélagsins og umsagnir varðandi Snæfellsnesveg 54.

Bæjarráð staðfesti, á 27. fundi sínum, afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar og vísaði málinu til bæjarstjórnar.

18. 2411031 - Ríkisstörf í Stykkishólmi

Störf á vegum ríkisins í Stykkishólmi voru tekin til umræðu á 4. fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd krafðist þess að ríkið standi vörð um störf á vegum ríkisins í Stykkishólmi en þeim hefur fækkað á síðustu 10 árum þrátt fyrir að ríkisstörfum hafi fjölgað á Vesturlandi sem og á landsvísu. Nefndin taldi ljóst að ríkið hafi ekki staðið sig sem skyldi í að fjölga ríkisstörfum á landsbyggðinni, a.m.k. ekki í Stykkishólmi. Vísaði nefndin að öðru leyti til fyrri ályktana og umsagna sveitarfélagsins vegna þessa.

Bæjarráð staðfesti, 27. fundi sínum, afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar.

19. 2107012 - Stykkishólmur í sókn - Efling atvinnulífs í Stykkishólmi

Lagt fram skilabréf starfshóps um eflingu atvinnulífs í Stykkishólmi ásamt lokaskýrslu þar sem tíundaðar eru tillögur hópsins atvinnulífi í Stykkishólmi til framdráttar.

Á 4. fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar benti nefndin á að starfshópur um eflingu atvinnulífs í Stykkishólmi skilaði af sér skýrslu árið 2022. Þar sem m.a. er lögð áhersla á

frekari nýtingu svæðisbundinna náttúruauðlinda á sjálfbæran hátt og það verði gert með því að efla rannsóknir á lífríki sjávar. Til þess verði stofnað Þekkingar- og rannsóknarsetur við Breiðafjörð sem hafi það að meginmarkmiði að stuðla að auknu klasasamstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila þannig að stuðla megi að jákvæðri samfélags- og byggðapróun á svæðinu, byggða á svæðisbundnum styrkleikum. Í sama streng tekur stýrihópur um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar í skýrslu frá júní 2024.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd fagnaði stuðningi Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við verkefnið og lagði áherslu á mikilvægi þess að það verði stofnað á vormánuðum 2025 í samræmi við stuðning ráðuneytisins þar um.

Bæjarráð staðfesti, á 27. fundi sínum, afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar.

20. 2011049 - Samantekt og niðurstöður Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar

Lögð fram skýrsla um greiningu á verndargildi vernarsvæðis Breiðafjarða og áhrif þess, tækifæri og ógnanir, á samfélag, byggð og atvinnulíf, ásamt tengdum gögnum.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd fagnaði, á 4. fundi sínum, niðurstöðunni og batt vonir við að með þessari niðurstöðu hafi skapast mikilvæg sátt um framtíð Breiðafjarðar. Lykilþáttur í allri umræðu og sátt um framtíð Breiðafjarðar er að rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar verði stórauðnar frá því sem nú er þannig að tryggja megi áfram sjálfbæra auðlindanýtingu fjardarins.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd beindi því til matvælaráðherra, þingmanna Norðvesturkjördæmis og Hafrannsóknarstofnunar að stóruka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar.

Bæjarráð staðfesti, á 27. fundi sínum, afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar.

21. 2110019 - Stefnumörkun opinna grænna svæða innan bæjarmarka í Stykkishólmi

Lagt fram erindisbréf starfshóps um stefnumörkun opinna grænna svæða innan bæjarmarka í Stykkishólmi. Björn Ásgeir Sumarliðason, formaður hópsins, gerði grein fyrir vinnu hópsins á 4. fundi umhverfis- og náttúruverndarnefndar.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd þakkaði formanni hópsins fyrir greinargóða yfirferð yfir vinnu starfshópsins. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd lýsti yfir áhuga nefndarinnar á að halda áfram vinnu starfshópsins.

Bæjarráð lagði, á 27. fundi sínum, til við bæjarstjórn að fela umhverfis- og náttúruverndarnefnd frekari vinnu í samræmi við vinnu starfshópsins.

22. 2411026 - Hönnuður - umsókn um byggingaleyfi - Berserkjahraun - Flokkur 2

Lögð fram umsókn um byggingarheimild fyrir frístundahús á landi Berserkjahrauns; á einni hæð með kjallara að hluta, úr steinsteypu, einangrað að innan, gólfhiti og þak úr timbri. alls 290,5 m²

Á 39. fundi sínum vísaði byggingarfulltrúi málinu til skipulagsnefndar.

Bæjarstjórn Stykkishólms staðfesti á 20. fundi sínum afgreiðslu 17. fundar bæjarráðs þar

sem ráðið taldi að mismunandi túlkun nefnda sveitarfélagsins á gr. 4.1 í aðalskipulagi Helgafellssveitar 2014-2024 gefi tilefni til að skerpa á texta greinarinnar, m.a þegar horft er til hvenær skuli deiliskipuleggja, á þeim svæðum þar sem er fyrirhuguð uppbygging. Á þetta við lögbýli og allt það land sem hefur verið stofnað úr þeim, gildir þá einu hvaða landnotkunarflokki það tilheyrir samkvæmt skilgreiningu 6. kafla skipulagsreglugerðar 90/2013. Bæjarráð samþykkti að fela skipulagsfulltrúa að vinna minniháttar breytingu á greininni en lagði áherslu á að þær byggingarheimildir sem eru nú þegar í gildandi aðalskipulagi Helgafellssveitar verði óbreyttar þar til að nýtt aðalskipulag fyrir sameinað sveitarfélag Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar, sem samþykkt hefur verið að hefja vinnu við, tekur gildi. Þar til umrædd aðalskipulagsbreyting hefur tekið gildi verða umsóknir um byggingarheimildir í dreifbýli metnar heilstætt hverju sinni þar sem sérstaklega verði hugað að hugsanlega bótaábyrgð sveitarfélagsins vegna málsmeðferðar sveitarfélagsins.

Samkvæmt Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 er á landbúnaðarsvæðum heimilt án þess að aðalskipulagi sé breytt að reisa fjögur stök íbúðarhús á jörðum eða jarðarspildum sem er 10 ha eða stærri og þrjú frístundahús á jörðum eða jarðaspildum. Fjöldi þegar byggða íbúðarhúsa eða frístundahúsa dragast frá heimildinni.

Skipulagsnefnd taldi, á 25. fundi sínum, þegar litið er á málið heilstætt, að nefndin hafi ekki forsendur til þess að leggjast gegn byggingarleyfinu á grundvelli ákvæða aðalskipulags. Áður en endanleg afstaða er tekin til erindisins óskaði skipulagsnefnd eftir umsögnum um áfömin frá Minjastofnun og Umhverfisstofnun.

Skipulagsnefnd benti á, ef fyrirhugað er að fara í nýja veglagningu og teningu við tengivegin, að samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 772/2012, um framkvæmdaleyfi, skal sá sem óskar eftir framkvæmdaleyfi senda skriflega umsókn til sveitarfélagsins ásamt nauðsynlegum gögnum um fyrirhugaða framkvæmd. Í 7. gr. sömu reglugerðar er tiltekið hvaða gögn þurfi að liggja fyrir, þ.m.t. afstöðumynd hnitsett í mælikvarða 1:2.000 - 1:500 eða í öðrum læsilegum mælikvarða sem sýnir fyrirhugaða framkvæmd og afstöðu hennar gagnvart aðliggjandi byggð og að landi, hönnunargögn sem nauðsynleg eru til að framkvæma eftir, lýsingu á framkvæmd og hvernig hún fellur að gildandi skipulagsáætlunum og staðhættum, áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar ásamt þeim gögnum sem stofnunin byggði niðurstöðu sína á. Á grunni framangreinds óskaði skipulagsnefnd eftir þeim gögnum sem liggja þurfa fyrir samkvæmt 7. gr. reglugerðar um framkvæmdarleyfi og í framhaldinu verði óskað umsagnar Minjastofnunar, Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar á fyrirhuguðum áformum áður en endanleg afstaða nefndarinnar liggur fyrir.

Bæjarráð staðfesti, á 27. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og óskað eftir umsögn Skipulagsstofnunar. Jafnframt vísaði bæjarráð erindinu til bæjarstjórnar.

23. 2411009 - Jónsnes - Umsókn um byggingarheimild

Lögð fram umsókn Jónsnes ehf. fyrir fuglaskoðunarhúsi úr timbri á steyptri plötu. Samhliða er sótt um framkvæmdaleyfi fyrir veg að húsinu.

Á 39. fundi sínum vísaði byggingarfulltrúi málinu til skipulagsnefndar.

Bæjarstjórn Stykkishólms staðfesti á 20. fundi sínum afgreiðslu 17. fundar bæjarráðs þar sem ráðið taldi að mismunandi túlkun nefnda sveitarfélagsins á gr. 4.1 í aðalskipulagi Helgafellssveitar 2014-2024 gefi tilefni til að skerpa á texta greinarinnar, m.a þegar horft er til hvenær skuli deiliskipuleggja, á þeim svæðum þar sem er fyrirhuguð uppbygging.

Á þetta við lögbýli og allt það land sem hefur verið stofnað úr þeim, gildir þá einu hvaða landnotkunarflokki það tilheyrir samkvæmt skilgreiningu 6. kafla skipulagsreglugerðar 90/2013. Bæjarráð samþykkti að fela skipulagsfulltrúa að vinna minniháttar breytingu á greininni en lagði áherslu á að þær byggingarheimildir sem eru nú þegar í gildandi aðalskipulagi Helgafellssveitar verði óbreyttar þar til að nýtt aðalskipulag fyrir sameinað sveitarfélag Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar, sem samþykkt hefur verið að hefja vinnu við, tekur gildi. Þar til umrædd aðalskipulagsbreyting hefur tekið gildi verða umsóknir um byggingarheimildir í dreifbýli metnar heilstætt hverju sinni þar sem sérstaklega verði hugað að hugsanlega bótaábyrgð sveitarfélagsins vegna málsmeðferðar sveitarfélagsins.

Samkvæmt Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 er á landbúnaðarsvæðum heimilt án þess að aðalskipulagi sé breytt að reisa fjögur stök íbúðarhús á jörðum eða jarðarspildum sem er 10 ha eða stærri og þrjú frístundahús á jörðum eða jarðaspildum. Fjöldi þegar byggða íbúðarhúsa eða frístundahúsa dragast frá heimildinni.

Skipulagsnefnd taldi, á 25. fundi sínum, þegar litið er á málið heilstætt, að nefndin hafi ekki forsendur til þess að leggjast gegn byggingarheimildinni á grundvelli ákvæða aðalskipulags. Skipulagsnefnd lagði áherslu á að húsið verði staðsett 50 m. frá sjó og að yfirlitsmynd sé í réttum kvarða. Aður en endanleg afstaða er tekin til erindisins óskaði skipulagsnefnd eftir umsögnum um áformin frá Minjastofnun, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun.

Skipulagsnefnd benti á að samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 772/2012, um framkvæmdaleyfi, skal sá sem óskar eftir framkvæmdaleyfi senda skriflega umsókn til sveitarfélagsins ásamt nauðsynlegum gögnum um fyrirhugaða framkvæmd. Í 7. gr. sömu reglugerðar er tiltekið hvaða gögn þurfi að liggja fyrir, þ.m.t. afstöðumynd hnitsett í mælikvarða 1:2.000 - 1:500 eða í öðrum læsilegum mælikvarða sem sýnir fyrirhugaða framkvæmd og afstöðu hennar gagnvart aðliggjandi byggð og að landi, hönnunargögn sem nauðsynleg eru til að framkvæma eftir, lýsingu á framkvæmd og hvernig hún fellur að gildandi skipulagsáætlunum og staðháttum, áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar ásamt þeim gögnum sem stofnunin byggði niðurstöðu sína á. Á grunni framangreinds óskar skipulagsnefnd eftir þeim gögnum sem liggja þarf fyrir samkvæmt 7. gr. reglugerðar um framkvæmdarleyfi og í framhaldinu verði óskað umsagnar Minjastofnunar og Umhverfisstofnunar á fyrirhuguðum áformum áður en endanleg afstaða nefndarinnar liggur fyrir.

Bæjarráð staðfesti, á 27. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og vísaði jafnframt erindinu til bæjarstjórnar.

24. 2309024 - Birkilundur - br á aðalskipulagi 2024

Lögð er fram samantekt umsagna og athugasemda sem bárust við vinnslutillögu breytingar á Aðalskipulagi Helgafellssveitar og vinnslutillögu nýs deiliskipulags fyrir íbúðar- og frístundasvæði í Birkilund í landi Saura, sem kynntar voru dagana 4.-28. júní sl.

Skipulagsnefnd taldi, á 25. fundi sínum, að athugasemdir gefi ekki tilefni til þess að breyta þurfi skipulagsuppráttum.

Skipulagsnefnd lagði til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi. Að bæjarstjórn feli bæjarstjóra að senda svör til þeirra sem athugasemdir gerðu, senda tillöguna til yfirferðar skipulagsstofnunnar og að birta auglýsingu um

samþykkt skipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda eftir yfirferð skipulagsstofnunar.

Bæjarráð staðfesti, á 27. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og fól bærarstjóra að ganga frá svörum í samráði við skipulagshönnuði.

25. 2209002 - Birkilundur - nýtt deiliskipulag 2024

Lögð er fram samantekt umsagna og athugasemda sem bárust við vinnslutillögu breytingar á Aðalskipulagi Helgafellssveitar og vinnslutillögu nýs deiliskipulags fyrir íbúðar- og frístundasvæði í Birkilund í landi Saura, sem kynntar voru dagana 4.-28. júní sl.

Skipulagsnefnd taldi, á 25. fundi sínum, að athugasemdir gefi ekki tilefni til þess að breyta þurfi skipulagsuppdráttum.

Skipulagsnefnd lagði til við bærarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Að bærarstjórn feli bærarstjóra að senda svör til þeirra sem athugasemdir gerðu, senda tillöguna til yfirferðar skipulagsstofnunnar og að birta auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda eftir yfirferð skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarráð staðfesti, á 27. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og fól bærarstjóra að ganga frá svörum í samráði við skipulagshönnuði.

26.11.2024

Jakob Björgvin Jakobsson, bærarstjóri.